



Ársskýrsla 2025

Atvinnu- og hafnarsvið

Reykjanesbæjar



Ársskýrsla 2025

Atvinnu- og hafnarsvið

Reykjanesbæjar

Reykjanesbæ mars 2026

Inngangur

Hlutverk atvinnu- og hafnarsviðs er að stuðla að öfluggu atvinnulífi í Reykjanesbæ og reka hafnir sveitarfélagsins.

Atvinnu- og hafnarráð er skipað fimm aðalmönnum: Hjörtur M Guðbjartsson formaður (S), Sigurður Guðjónsson varaformaður (B), Kristján Jóhannsson ritari (Y), Alexander Ragnarsson meðstjórnandi (D) og Jón Már Sverrisson meðstjórnandi (M). Sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs er Halldór K Hermannsson og er hann jafnframt hafnarstjóri Reykjaneshafnar.

Helstu verkefni á sviði atvinnumála:


- Stefnumótun og þróun umbóta í atvinnumálum í Reykjanesbæ.
- Markaðssetja Reykjanesbæ sem álitlegan kost fyrir fjárfesta og ný fyrirtæki.
- Leita að og taka á móti áhugasömum frumkvöðlum, fjárfestum og fyrirtækjum sem vilja kynna sér kosti Reykjanesbæjar með það að markmiði að setja upp starfsemi í sveitarfélaginu.
- Vinna með og hvetja fyrirtæki til uppbyggingar verslunar og þjónustu í heimabyggð og fjölgunar starfa.
- Aðstoða og leiðbeina frumkvöðlum varðandi stjórnsýsluna, t.d. styrki, lóðarumsóknir, öflun húsnæðis o.fl.
- Þátttaka í þverfaglegum verkefnum og stefnumótun þar sem málefni er hafa áhrif á viðskiptaþróun eru unnin.
- Vinna að auknu innbyrðis samstarfi og klasamyndun fyrirtækja og stofnana.
- Stuðla að öfluggu starfi í málaflokknum almennt m.a. með því að eiga samstarf við aðila sem starfa á því sviði, t.d. með gerð sérstakra samstarfssamninga þar sem það á við.
- Hafa eftirlit með framkvæmd samninga sem gerðir eru við ráðuneyti um samstarf ríkisins og Reykjanesbæjar um málefni á verksviði ráðsins.
- Halda uppi virku samstarfi við hagsmunaaðila, samtök fyrirtækja og aðra stuðningsaðila atvinnulífs á Suðurnesjum.

Helstu verkefni á sviði hafnamála:

- Stefnumótun og þróun umbóta í starfsemi Reykjaneshafnar.
- Markaðssetning Reykjaneshafnar.
- Rekstur hafna Reykjanesbæjar og skipulagning hafnarþjónustu.

- Samskipti við aðila í atvinnulífinu sem leita eftir aðstöðu fyrir hafnsækna starfsemi hjá Reykjaneshöfn.
- Samskipti við aðila vegna leigu á lóðum og landi Reykjaneshafnar.
- Umsjón með öryggis- og umhverfismálum Reykjaneshafnar.
- Gerð langtímaáætlunar á sviði viðhalds og nýframkvæmda fyrir Reykjaneshöfn.

Í rekstri atvinnu- og hafnarsviðs er tekið mið af stefnu Reykjaneshafnar til ársins 2030 og þeirra gilda sem þar eru sett fram: **Framsækni, Virðing og Eldmóður.**



Efnisyfirlit

Atvinnumál.....	5
Helstu verkefni á árinu	6
Atvinnustefna Reykjanesbæjar	6
Skipaþjónustuklasi	6
Markaðsetning atvinnulóða og atvinnutækifæra	6
Samstarf á Suðurnesjum	6
Upplýsingarsíða um atvinnumál og framkvæmdir	6
Samskipti vegna atvinnuuppbyggingar	6
Fyrirtæki innan bæjarfélagsins	7
Heimsókn til bæjarfélaga.....	7
Lokaorð.....	7
Hafnarmál.....	8
Reykjaneshöfn.....	9
Almenn hafnarstarfsemi	9
Skipakomur og flutningar.....	9
Afli og landanir.....	9
Þjónusta	9
Auðunn	10
Ísturn.....	10
Tekjur af almennri starfsemi	10
Leigutekjur	10
Laun og launatengd gjöld	10
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	10
Lóðir og lendur	11
Annar rekstrarkostnaður	11
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11
Afskriftir	11
Fjármagnsliðir.....	11
Fjárfestingar 2024.....	11
Viðhaldspættir 2024.....	12
Lokaorð.....	12

Atvinnumál

Í vinnu við að efla atvinnulíf í bæjarfélaginu er tekið mið af stefnu Reykjaneshæjar til ársins 2030 og þeirra gilda sem þar eru sett fram: **Framsækni, Virðing og Eldmóður**. Í áhersluatriðum er sérstaklega horft til **Vistvæns samfélags, Skilvirkar þjónustu og Fjölbreyttra starfa** ásamt þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem þar eiga við.

Til að stuðla að Vistvænu samfélagi mun í eflingu atvinnulífs stefnt að því að:

- auka vitund núverandi og nýrra fyrirtækja í bæjarfélaginu á sjálfbærni og „grænni“ starfsemi. (Heimsmarkmið nr. 7.1, 7.3, 11.2, 11.4, 11.6, 12.6, 12.8 og 13.3)



Til að stuðla að Skilvirkri þjónustu mun í eflingu atvinnulífs stefnt að því að:

- skapa aukinn jöfnuð, sjálfbærni og nýsköpun fyrirtækja. (Heimsmarkmið nr. 8.2, 8.3, 8.8, 8.9 og 9.1, 9.4 og 9.5)



Til að stuðla að Fjölbreytni starfa mun í eflingu atvinnulífs stefnt að því að:

- skapa mannsæmandi og fjölbreytt atvinnutækifæri grundvölluðum á jöfnuði og fjölbreytileika. (Heimsmarkmið nr. 8.2, 8.3, 8.5, 8.8, 8.9, 9.1, 9.3, 9.4, 10.2, 10.3 og 10.4)



Helstu verkefni á árinu

Atvinnu- og hafnarráð tók til starfa 1. janúar 2023 með breyttri stjórnskipan hjá Reykjanesbæ. Sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs leiðir framgöngu atvinnumála fyrir hönd sviðsins. Á árinu 2025 var unnið að eftirfarandi verkþáttum:

Atvinnustefna Reykjanesbæjar

Atvinnu- og hafnarráð hóf vinnu við að móta atvinnustefnu Reykjanesbæjar á árinu 2023 og lauk þeirri vinnu með samþykki bæjarstjórnar á Atvinnustefnu Reykjanesbæjar 2025-2035 á 701. fundi hennar 19. ágúst 2025.

Skipaþjónustuklassi

Verkefnið „Skipaþjónustuklassi“ sem tengist uppbyggingu Njarðvíkurhafnar hefur tekið breytingum og miðast nú við að móta skipulag á svæðinu upp af Njarðvíkurhöfn, við Fitjabraut og Fitjabakka. Felst það m.a. í því að leggja til vegtengingar milli svæðisins og Reykjanesbrautar, landfyllingar sunnan við Njarðvíkurhöfn og útfærslur á nýju lóðarskipulagi.

Markaðssetning atvinnulóða og atvinnutækifæra

Stefnt var að því að hefja markaðssetningu atvinnulóða í framhaldi af samþykkt Atvinnustefnu Reykjanesbæjar í ágúst sl., en sú vinna er þó komin skammt á veg. Fyrir liggur að góð samvinna þarf að vera milli umhverfis- og framkvæmdasviðs og atvinnu- og hafnarsviðs varðandi þá markaðssetningu. Leggja þarf aukinn þunga í þetta verkefni á nýju ári.

Samstarf á Suðurnesjum

Reykjaneshöfn á aðild að SAR, samtökum atvinnurekenda á Suðurnesjum, og eru samskipti hafnarinnar og félagsins góð. Hluti stjórnar SAR kom á fundu atvinnu- og hafnarráðs ásamt formanni meistarafélags byggingarmanna þar sem atvinnumál á Suðurnesjum voru rædd í víðu samhengi. Stefnt er að slíkum fundum reglulega í framtíðinni. Fulltrúi Reykjaneshafnar starfaði með samráðshópnum HB64 ásamt fulltrúum Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og KADECO, en hópurinn hafði það verkefni að teikna upp rannskipulag af iðnaðarsvæðinu upp af Helguvíkurhöfn sem nær yfir sveitarfélagamörk. Þar er horft til hringrásar í uppbyggingu.

Upplýsingarsíða um atvinnumál og framkvæmdir

Uppsetning á upplýsingasíðu um atvinnumál og þá uppbyggingu sem á sér stað í bæjarfélaginu hefur ekki gengið sem skyldi. Fyrstu drög að þessari síðu voru komin í loftið í tengslum við sýninguna Verk og vit sem haldin var 2024 en lítill framgangur í framhaldi af því. Hugsunin var sú að síðan ætti að þjóna jafnt fyrirtækjum sem almennum borgurum, t.d. með upplýsingum um laust atvinnuhúsnæði og laus störf á vinnumarkaði. Verið er að skoða nokkrar útfærslur til þess að fylgja þessu verkefni eftir.

Samskipti vegna atvinnuuppbyggingar

Sviðsstjóri hefur verið í samskiptum varðandi ýmis verkefni í atvinnuuppbyggingu innan sveitarfélagamarka Reykjanesbæjar. Í samskiptum hefur falist aðstoð varðandi framgöngu þeirra verkefna sem um ræðir. Sum þessara verkefna hafa dagað uppi en önnur eru enn í vinnslu og má búast við að einhver þeirra verði að veruleika á komandi mánuðum.

Fyrirtæki innan bæjarfélagsins

Fyrirtækjaheimsóknir hófust á árinu 2023 þar sem sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs ásamt bæjarstjóra heimsækir hin ýmsu fyrirtæki í bæjarfélaginu til að kynnast starfsemi þeirra og framtíðarsýn. Á árinu varð minna úr slíkum heimsóknum en áður af ýmsum ástæðum en meðal þeirra sem heimsóttir voru var uppbyggingarsvæði Samherja fiskeldis ehf. úti á Reykjanesi.

Eitt af verkefnum ársins hefur verið að ná yfirsýn yfir þau fyrirtæki, stór og smá, sem starfa í sveitarfélaginu. Upplýsingar hafa verið sóttar til Creditinfo/Lánstraust og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja til að mynda slíkan lista. Grunnurinn er kominn en endanlegur listi liggur þó ekki fyrir.

Heimsókn til bæjarfélaga

Stefnt hefur verið að því að heimsækja önnur sveitarfélög á hverju ári ásamt öðrum úr yfirstjórn sveitarfélagsins. Markmiðið með þessum heimsóknum var að kynnast því hvernig viðkomandi sveitarfélög standa m.a. að atvinnuuppbyggingu á sínum svæðum. Yfirstjórn sveitarfélagsins heimsótti sveitarfélagið Fjarðarbyggð sl. vor m.a. að tilstuðlan atvinnu- og hafnarsviðs. Var þar vel tekið á móti hópnum sem fékk góða innsýn rekstur sveitarfélagsins og uppbyggingaráform.

Lokaorð

Atvinnu- og hafnarráð leggur áherslu á jákvæðni og liðlegheit í samskiptum við þá aðila sem eru með til skoðunar að setja upp rekstur innan bæjarfélagsins. Ráðið vill stuðla að fjölbreyttu og kröftugu atvinnulífi sem eflir bæjarfélagið og skapar íbúum atvinnu við hæfi. Yfirlit yfir uppbyggingu og framboð atvinnu á að vera aðgengilegt íbúum og lögaðilum. Markmiðið er að Reykjanesbær sé fyrsti valkostur þegar ný atvinnutækifæri eru annars vegar.

Hafnarmál

Í rekstri Reykjaneshafnar er tekið mið af stefnu Reykjaneshafnar til ársins 2030 og þeirra gilda sem þar eru sett fram: **Framsækni, Virðing og Eldmóður**. Í áhersluatriðum hafnarinnar er sérstaklega horft til **Vistvæns samfélags** og **Fjölbreyttra starfa** ásamt þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem þar eiga við.

Til að stuðla að Vistvænu samfélagi mun Reykjaneshöfn stefna að því að:

- árið 2030 verði landtenging rafmagns til staðar fyrir alla viðskiptavinum Reykjaneshafnar óháð orkuþörf viðkomandi skipa og stuðla þar með að betri loftgæðum í umhverfinu. (Heimsmarkmið nr. 7.1 og 12.2)



- móttaka og meðhöndlun úrgangs á hafnarsvæðinu verði skilvirkari með það að leiðarljósi að lágmarka förgun og auka endurnýtingu. (Heimsmarkmið nr. 11.6, 12.4 og 12.5)



Til að stuðla að Fjölbreytni starfa mun Reykjaneshöfn stefna að því að:

- efla innviði sína til þess að auka þjónustugetu viðskiptavini hafnarinnar á sem flestum sviðum og skapa þar með grundvöll að fjölbreyttari atvinnusköpun. (Heimsmarkmið nr. 8.2, 8.9 og 9.1)



Reykjaneshöfn

Reykjaneshöfn er þjónustufyrirtæki sem rekur hafnir sveitarfélagsins og tók til starfa í núverandi mynd þann 5. desember 2002. Hafnaraðstaðan samanstendur af smábátahöfninni í Gróf, Helguvíkurhöfn, Keflavíkurhöfn og Njarðvíkurhöfn. Reykjaneshöfn er B-hluta fyrirtæki innan samstæðu Reykjanesbæjar.

Kjarnastarfsemi Reykjaneshafnar er almenn hafnarstarfsemi í samræmi við Hafnalög nr. 61/2003, lög um siglingavernd nr. 50/2004, reglugerð um hafnamál nr. 326/2004, hafnarreglugerð Reykjaneshafnar nr. 1430/2024 auk annarra laga og reglugerða sem ná til hafnarreksturs eða hluta hans.

Almenn hafnarstarfsemi

Almenn stöðugildi hjá Reykjaneshöfn voru þrjú árið 2025 og er unnið samkvæmt vaktafyrirkomulagi, en opið er fyrir almenna hafnarstarfsemi allan sólarhringinn allt árið um kring. Daglegur vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:00 virka daga en starfsmenn á bakvöktum sinna útköllum á öðrum tímum. Móttaka skipa um stórhátíðir miðast þó við þjónustugetu hafnarinnar hverju sinni.

Skipakomur og flutningar

Fraktskipakomur ársins 2025 voru fleiri en árið á undan og nam aukningin 44% en innheimt vörugjöld af fluttri vöru um höfnina var þó á pari við síðasta ár. Það segir að meðaltalsverðmæti sem hvert skip kom með til hafna Reykjaneshafnar lækkar milli ára. Undanfarin ár hefur Reykjaneshöfn unnið að markaðssetningu Reykjaneshafnar sem ákjósanlegan viðkomustað fyrir smærri skemmtiferðaskip. Hér er um „langhlaup“ að ræða enda eru slík skip bókuð þrjú til fimm ár fram í tímann. Gerður var samningur við sænska fyrirtækið Nordic Port Group á fyrri hluta ársins um að aðstoða höfnina í þessari markaðssetningu og lofar sú vinna góðu þó árangurinn liggi ekki enn fyrir. Þrjú skemmtiferðaskip erum bókuð til Keflavíkurhafnar á komandi sumri en vonir eru um að þau geti orðið fleiri þegar nær dregur.

Afli og landanir

Landaður botnfiskafli hjá Reykjaneshöfn hefur farið minnkandi á undanförunum árum. Aflamagnið var á árum áður lengi vel að sveiflast á milli fjögur og fimm þúsund tonna af lönduðum afla á ári eða að meðaltali um 4.500 tonn á ári. Frá árinu 2019 hefur þessi afli verið undir fjögur þúsund tonnum á ári og nam afli ársins 2025 tæpum 3000 tonnum sem er á pari við árið á undan. Stærsti útgerðaraðilinn sem landar hjá Reykjaneshöfn hefur að stórum hluta gert út á leigukvóta á þorski, en mikill samdráttur hefur verið í úthlutuðum kvóta þorsks síðustu fiskveiðiár sem hefur haft neikvæð áhrif á framboð á þeirri tegund á leigumarkaði. Slíkt hefur óhjákvæmilega áhrif á landaðan afla en vegna herra fiskverðs hafa áhrifin verið lítil sem engin á tekjur hafnarinnar.

Þjónusta

Ýmis þjónusta er í boði fyrir þau skip og þá báta sem koma til hafna Reykjaneshafnar. Þar er m.a. um að ræða sölu á rafmagni, köldu vatni og móttöku úrgangs. Gengið er út frá því að þær tekjur sem af þessum þáttum hljótask standi undir þeim kostnaði sem þær grundvallast á. Stærri þjónustuþættir eru síðan þjónusta hafnsögu- og dráttarbátsins Auðuns auk þess sem höfnin rekur Ísturninn sem er verksmiðja til ísframleiðslu.

Auðunn

Auðunn er dráttarbátur hafnarinnar en auk þess að sinna hlutverki hafnsögu- og dráttarbáts í tengslum við komur fraktskipa hefur Auðunn veitt aðstoð þegar skip og bátar hafa verið að fara í eða úr slipp hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Tekjur ársins jukust um rúm 44% milli ára sem skýrist að mestu af aukinni skipakomu.

Ísturn

Ísframleiðslugeta Ísturnsins var á sínum tímar um 25 tonn af ís á sólarhring. Ísvélarnar eru þó komnar til ára sinna og framleiðslugetan hefur minnkað mikið. Til skoðunar hefur verið að fjárfesta í nýrri vélum en minnkandi íssala undanfarin ár hefur haldið aftur af þeirri hugmynd. Minnkandi íssala skýrist annars vegar af því að hluti af notendum þjónustunnar hefur fjárfest í eigin búnaði til ísframleiðslu og hins vegar af minni afla sem berst til löndunar. Íssala ársins 2025 var þó langt umfram væntingar eða 290% hærri en árið á undan. Skýringin felst í því að framleiðendum kæliáss hefur fækkað á suðvesturhorni landsins sem eykur eftirspurn hjá þeim sem eftir standa. T.d. hefur ísframleiðsla ísstöðvarinnar í Grindavík verið stopp síðustu tvö ár og hefur það m.a. leitt af sér þessa eftirspurn. Gera má ráð fyrir að á þessu verði breyting á komandi mánuðum með minni íssölu.

Tekjur af almennri starfsemi

Tekjur Reykjaneshafnar voru rúmum 18% hærri en árið á undan. Þessi aukning liggur í flestum þáttum starfseminnar að vörugjöldum undanskildum, en auknar skipakomur með tilheyrandi sölu þjónustubátta vega þar þyngst.

Leigutekjur

Reykjaneshöfn er eigandi að landi í nærumhverfi þeirra hafnarsvæða sem heyra undir höfnina. Hluti þess lands er þegar deiliskipulagður en annað er án skipulags. Leigutekjur af lóðum á landi hafnarinnar eru hlutfall af fasteignamati viðkomandi lóða. Einnig leigir höfnin landsvæði tímabundið undir ýmsa starfsemi í skammtímaleigu. Leigutekjur ársins eru um 16% hærri en árið á undan sem skýrist annars vegar af hækkun fasteignamats leigulóða og hins vega af aukningu í skammtímaleigu á landsvæðum.

Laun og launatengd gjöld

Föst stöðugildi hjá Reykjaneshöfn árið 2025 voru fjögur auk fimm nefndarmanna í atvinnu- og hafnarráði, en stærsti hluti viðkomandi launa og launatengdu gjalda falla á Reykjaneshöfn. Vegna langtímaveikinda sem komu upp á árinu var fimmta almenna starfsmanninum bætt við tímabundið á seinni hluta ársins. Launakostnaður ársins var 26% hærri en árið á undan sem skýrist m.a. af tímabundinni ráðningu viðabótarstarfsmanns, launaleiðréttingum sem voru gerðar á árinu og af því að aukið umfang í starfsemi hafnarinnar kallaði á aukningu í aukatímum starfsmanna.

Hækkun lífeyrisskuldbindinga

Reykjaneshöfn er skuldbundin til að taka þátt í hluta af lífeyrisgreiðslum fyrrum starfsmanna sinna. Þessi hlutdeild launagreiðanda í áætluðum framtíðarlífeyrisgreiðslum nefnist lífeyrisskuldbinding. Í lok hvers rekstrarárs hafnarinnar er gjaldfærður uppreikningur á áætlaðri framtíðarþróun viðkomandi greiðslna samkvæmt uppreikningum viðkomandi lífeyrissjóðs eða sérfræðinga á því sviði. Lífeyrisskuldbindingar hafnarinnar hækkuðu umtalsvert milli ára og liggja skýringar á því í forsendum útreikningsins sem ekki verður gerð skil á hér.

Lóðir og lendur

Á árinu 2025 var stærsti gjaldaliðurinn fasteignagjöld af þeim lóðum og mannvirkjum sem tilheyra Reykjaneshöfn. Annar kostnaður snýr að viðhaldi og öðrum umsýslukostnaði sem þörf er á hverju sinni. Þessi rekstrarliður var 10% hærri en árið á undan en þó umtalsvert undir áætlun ársins 2025.

Annar rekstrarkostnaður

Meginþungi af rekstri Reykjaneshafnar er færður undir þennan lið. Í honum felst rekstur og viðhald hafnarmannvirkja, rekstur og viðhald fasteigna, rekstur og viðhald bifreiða, áhalda og tækja, auk reksturs dráttarbáts og Ísturns. Hér er einnig gjaldfærð niðurfærsla viðskiptakrafna og annars rekstrartengds kostnaðar. Almennur rekstrarkostnaður hafnarinnar hækkaði um 46% á milli ára sem liggur í nokkrum þáttum. T.d. er bein tenging á milli nokkurra kostnaðarliða og tekjuliða í rekstrinum sem hafa þessi áhrif, s.s. að seld orka til viðskiptavina kallar á aukningu í keyptri orku, auknar skipakomur kalla á aukningu á aðkeyptri verktöku og aukin sala á kæliís kallar á aukningu í kaupum á aðföngum eins og vatni og orku. En stór þáttur tengist einnig endurbótum og viðhaldi á mannvirkjum hafnarinnar sem mörg hver eru að renna út á líftíma, s.s. trévirki á flotbryggjum og fríholt á viðleguköntum. Tekjuaukning í rekstri ársins skapaði svigrúm til viðhalds á árinu sem ákveðið var að nýta.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Hér er gjaldfærður sameiginlegur kostnaður sem ekki deilst niður á einstaka rekstrarliði, s.s. reikningsskil hafnarinnar, kostnaðarhlutdeild, lögfræðipjónusta og markaðsstarf. Þessi rekstrarliður var tæpum 74% hærri en árið á undan sem skýrist annars vegar af sérfræðipjónustu vegna uppsetningar á nýju vaktkerfi fyrir höfnina og hins vegar aukins kostnaðar vegna markaðssetningar Keflavíkurhafnar fyrir smærri skemmtiferðaskip.

Afskriftir

Afskriftir eða fyrningar varanlegra rekstrarfjármuna miðast við að kostnaðarfæra viðkomandi rekstrarfjármuni í samræmi við líftíma þeirra. Árlegar afskriftir eða fyrningar geta verið frá 1% upp í 30%, t.d. eru almenn hafnarmannvirki yfirleitt afskrifuð um 2% á ári en bifreiðar og tæki um 20%.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir ársins 2025 voru um 13% lægri en árið á undan og 35% lægri en áætlun ársins gerði ráð fyrir sem skýrist af því að sú verðþróun sem áætlunin byggði á gekk ekki eftir og að vaxtatekjur af bankainnistæðum voru hærri en áætlað var.

Fjárfestingar 2025

Vorið 2024 hófust framkvæmdir við Njarðvíkurhöfn sem miða að því að skapa þar betri hafnaraðstæður með því að byggja brimvarnargarð sunnan við höfnina auk þess að dýpka innsiglingu hennar og innan hafnarsvæðis. Fyrsta verkþætti sem fólst í dýpkun lauk í október sl. og í framhaldinu var boðin út bygging brimvarnargarð. Í desember var undirritaður samningur við Íslenska aðalverktaka hf um þá framkvæmd en þeir voru lægstbjóðandi í verkið. Framkvæmdatími er áætlaður 18 mánuðir.

Smærri fjárfestingar ársins felast í endurnýjun landtenginga í Njarðvíkurhöfn, uppsetningu öryggisgirðinga og lýsingar við Helguvíkurhöfn, uppbyggingu á nýju geymslusvæði við Hólmsbergsbraut auk annarra smærri fjárfestinga.

Viðhaldspættir 2025

Til að viðhalda þjónustugetu Reykjaneshafnar þarf stöðugt að sinna endurbótum og er viðhaldsverkefnum hafnarinnar sinnt eftir þörfum. Hafnarsvæði Reykjaneshafnar þarf stöðuga umhirðu og reglulegt viðhald. Árlega þarf að mála viðlegukanta, yfirfara og endurnýja fríholt, yfirfara og endurnýja lýsingu, yfirfara landtengingar, endurnýja vatnslagnir, endurbæta hurðir, karma og glugga á tengirýmum o.fl. Árlega er dráttarbáturinn Auðunn skoðaður með tilliti til haffæris og á tveggja ára fresti þarf hann að fara í slipp til skoðunar. Töluverður kostnaður fylgir slíku og þó sérstaklega við slipptöku. Brugðist er við viðhaldspörf þegar hún fellur til og er viðhaldskostnaður því sveiflukenndur.

Lokaorð

Rekstur Reykjaneshafnar er nokkuð hefðbundinn milli ára. Um er að ræða þjónustu við fiskiskip, fraktskip og vonandi á komandi árum skemmtiferðaskip. Grunnurinn í rekstrinum er sjálfbærni, þ.e. að tekjur hafnarinnar standi undir rekstrarkostnaði, afskriftum, fjármagnsliðum og afborgunum skuldbindinga. Í því felst að tryggja nægt tekjustreymi í rekstrinum til þess að sjálfbærni hafnarinnar gangi eftir, þ.e. að hlúa að núverandi tekjustraumum ásamt því að leita nýrra tekjutækifæra. Jafnframt að gæta þess að kostnaðarliðir í rekstri hafnarinnar séu innan marka ár hvert. Sem lið í þeirri viðleitni er að laun og launatengd gjöld fari ekki yfir 30% af tekjum og að EBITDA hvers árs fari ekki undir 40%. Rekstrarniðurstaða hafnarinnar 2025 er í samræmi við þessi viðmið, þar sem laun og launatengd gjöld voru 28% af tekjum ársins 2025 og EBITDA ársins 40%. Rekstrarafgangur ársins var jákvæður um tæpar 89 milljónir króna sem eru 20% af tekjum ársins.





REYKJANESBÆR
UNIVERSITY OF REYKJAVÍK